



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um umferðaröryggisáætlun 2023-2027

Vísað er í mál nr. 173/2022 í samráðsgáttinni. Er þar gefinn kostur á að veita umsagnir um umferðaröryggisáætlunina og var frestur veittur til 14. október 2022.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að stöðugt sé hugað að því hvernig bæta megi umferðaröryggi og fagnar því útgáfu umferðaröryggisáætlunar. Reykjavíkurborg vill þó árétta mikilvægi þess að unnið sé að bættu umferðaröryggi innan höfuðborgarsvæðisins. Sérstaklega mikilvægt er í því samhengi að hugað sé að lækkun hámarkshraða á þjóðvegum innan höfuðborgarsvæðisins þar sem leiðir gangandi vegfaranda og ökutækja skarast. Einnig telur Reykjavíkurborg nauðsynlegt að eftirlit með hraðaakstri og akstri gegn rauðu ljósi sé aukið, t.d. með sjálfvirku eftirliti bæði með uppsetningu á nýjum búnaði en einnig með því að auka afkastagetu í úrvinnslu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri